



Lagt fyrir fund velferðarráðs 21. nóvember 2018

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Velferðarráð  
**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

*Efni: Skoðun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu á móti vísitölu neysluverðs, launavísitölu og örorkulífeyri.*

### **Forsaga:**

Á fundi velferðarráðs þann 17. ágúst 2018 óskaði ráðið eftir rýningu á hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar til framfærslu samanborið við breytingu á launavísitölu, vísitölu neysluverðs og hækkun bóta almannatrygginga.

### **Greinargerð:**

Gert er ráð fyrir 2,9% hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar til framfærslu í samræmi við verðbætur fjárhagsáætlunar 2019. Hér má sjá töflu sem sýnir breytingar eins og gert er ráð fyrir í áætlun.

|   | Hækkun f.<br>notanda | *Hækkun m.v.<br>ramma 2019 |
|---|----------------------|----------------------------|
| Grunnfjárhæð framfærslustyrks 2018                | 189.875              | 1.569.820                  |
| Hlutfall hækkunar í áætlun 2019                   | 2,9%                 | 2,90%                      |
| Áætlun framfærslustyrks 2019                      | 195.381              | 1.615.345                  |
| Hækkun í samræmi við fyrirbyggjandi fjárheimildir | 5.506                | 45.525                     |

\* fjárhæðir í mkr.

Hækkun fjárhagsaðstoðar til framfærslu skv. ofangreindum forsendum nemur um 5.506 kr. á mánuði fyrir þann sem fær framfærslustyrkinn. Sé horft á hækkunina í heild fyrir fjárhagsaðstoð á ársgrundvelli nemur hún kr. 45,5 mkr. sem er í samræmi við fjárhagsáætlun 2019 og er að fullu fjármögnuð.

- a) Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu skoðuð miðað við vísitölu neysluverðs:

|   | Hækkun f.<br>notanda | *Hækkun m.v.<br>vísitölu neysluverðs |
|---|----------------------|--------------------------------------|
| Grunnfjárhæð framfærslustyrks 2018                | 189.875              | 1.569.820                            |
| Hlutfall hækkunar m.v. vísitöluneysluverðs        | 2,8%                 | 2,8%                                 |
| Áætlun framfærslustyrks 2019                      | 195.192              | 1.613.775                            |
| Hækkun í samræmi við fyrirliggjandi fjárheimildir | 5.317                | 43.955                               |
| Ófjármagnaður mismunur                            | -190                 | -1.570                               |

\* fjárhæðir í mkr.

Sé fjárhæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu skoðuð á einstaklingsgrunni út frá breytingum miðað við vísitölu neysluverðs er fjárhæðin nánast óbreytt. Sé hækkun fjárhagsaðstoðar til framfærslu skoðuð á ársgrundvelli nemur hún um 44 mkr. sem er lækkun um 1,6 mkr frá þeirri hækkun sem gert er ráð fyrir í ramma fyrir árið 2019.

- b) Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu skoðuð miðað við launavísitölu:

|                                      | Hækkun f. notanda | *Hækkun m.v.<br>launavísitölu |
|--------------------------------------|-------------------|-------------------------------|
| Grunnfjárhæð framfærslustyrks 2018   | 189.875           | 1.569.820                     |
| Hlutfall hækkunar m.v. launavísitölu | 6,0%              | 6,0%                          |
| Áætlun framfærslustyrks 2019         | 201.268           | 1.664.009                     |
| Hækkun miðað við launavísitölu       | 11.393            | 94.189                        |
| Ófjármagnaður mismunur               | 5.886             | 48.664                        |

\* fjárhæðir í mkr.

Sé fjárhæð framfærslustyrks skoðuð á einstaklingsgrunni út frá breytingum miðað við launavísitölu hækkar fjárhæðin á mánuði um rúmar 6.000 kr. Sé hækkun framfærslustyrks skoðuð á ársgrundvelli nemur hún 94,2 mkr á ári. Mismunur yrði þá um 49 mkr. hækkun sem ekki er gert ráð fyrir í ramma fyrir árið 2019.

- c) Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu skoðuð miðað við breytingu örorkulífeyris milli ára.

|  | Hækkun f.<br>notanda | *Hækkun m.v.<br>örorkubætur |
|--|----------------------|-----------------------------|
| Grunnfjárhæð framfærslustyrks 2018               | 189.875              | 1.569.820                   |
| Hlutfall hækkunar m.v. örorkulífeyri             | 7,1%                 | 7,1%                        |
| Áætlun framfærslustyrks 2019                     | 203.356              | 1.681.277                   |
| Hækkun miðað við br. á örorkulífeyris milli ára. | 13.481               | 111.457                     |
| Ófjármagnaður mismunur                           | 7.975                | 65.932                      |

\* fjárhæðir í mkr.

Sé fjárhæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu skoðuð á einstaklingsgrunni út frá breytingum miðað við hlutfallslega breytingu á örorkulífeyri milli ára hækkar fjárhæðin á mánuði um tæpar 8.000 kr. Sé hækkun framfærslustyrks skoðuð á ársgrundvelli nemur hún 111,5 mkr. á ári. Mismunur yrði þá 65,9 mkr hækkun sem ekki er gert ráð fyrir í ramma fyrir árið 2019.